



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1183
komudagur 27.2.2004

Reykjavík, 25. febrúar 2004

R04020110

175

GE/isd

Allsherjarnefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Alþingi
150 Reykjavík

Frumvarp til breytinga á áfengislögum nr. 75/1998 - umsögn

Á fundi borgarráðs 24. þ.m. var lagt fram frumvarp að breytingum á áfengislögum nr. 75/1998, sem vísað var til umsagnar Reykjavíkurborgar af allsherjarnefnd Alþingis, sbr. bréf nefndarinnar frá 12. s.m. Jafnframt lögð fram umsögn fulltrúa skrifstofustjóra borgarstjórnar um frumvarpið, dags. 17. s.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina.

Gunnar Eydal

e.u.

Afrit:
Félagsmálaráð



Borgarráð

Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum - umsögn

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis frá 12. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998.

Þær breytingar á áfengislögum, sem frumvarpið felur í sér, varða fyrst og fremst lækkun á aldurstakmarki þeirra, sem veita, selja og afhenda má áfengi. Nánar tiltekið er aldurstakmarkið lækkað úr 20 árum í 18 ár að því er varðar áfengi sem hefur vínandastyrkleika allt að 22%, þ.e. léttvín og áfengt öl.

Það misræmi, sem er í áfengislögum milli annars vegar aldurstakmarks þeirra, sem veita má áfengi (20 ára skv. 1. mgr. 18. gr.) og hins vegar aldurstakmarks þeirra, sem dvelja mega á vínveitingastöðum eftir kl. 20 á kvöldin (18 ára skv. 2. mgr. 18. gr.), hefur valdið vandkvæðum við eftirlit með slíkum stöðum, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Sú breyting á 1. mgr. 18. gr. laganna, sem frumvarpið felur í sér, mun hins vegar ekki leysa þennan vanda. Þannig verður ekki síður erfitt að hafa eftirlit með því, hvort einstaklingum á aldrinum 18 til 20 ára, sem staddir eru á slíkum stöðum, sé veitt þar sterkt áfengi, nái frumvarpið fram að ganga. Er það mat undirritaðs að farsælast væri að eyða þessu misræmi alfarið.

Loks er vakin athygli á því að ósamræmi er á milli annars vegar þeirrar breytingar á ákvæði 1. mgr. 18. gr. laganna, sem rakin hefur verið, og hins vegar þeirrar breytingar á ákvæði c-liðar 3. mgr. 28. gr., sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins. Í síðarnefnda ákvæðinu er að finna heimild til upptöku áfengis, sem ungmenni undir 20 ára aldri hafa undir höndum. Í frumvarpinu eru þessi aldursmörk færð til 18 ára aldurs, og kemur fram í greinargerð að sú breyting sé gerð til samræmis við breytinguna á 18. gr. Ákvæði c-liðar 3. mgr. 28. gr. varðar hins vegar allt áfengi, hvort sem styrkleiki þess er undir eða yfir 22%, og felur frumvarpið ekki í sér neina breytingu að því leyti. Af þessu leiðir að nái frumvarpið fram að ganga, verður umræddri heimild 28. gr. laganna ekki beitt til upptöku á sterku áfengi, sem ungmenni á aldrinum 18 til 20 ára hafa undir höndum, jafnvel þó óheimilt væri að veita, selja eða afhenda þeim það.

Ólafur Kr. Hjörleifsson